

Íslenskir skólar og erlend börn!

Skólaþróun í fjölmennningarlegu samfélagi

Hanna Ragnarsdóttir
Kennaraháskóla Íslands

Málefni barna af erlendum uppruna á Íslandi hafa verið ofarlega á baugi undanfarin ár. Í grein þessari er fjallað um mikilvægi þess að menning skóla í heild einkennist af jafnréttishugsun og virðingu fyrir fjölbreytileikanum, til að starf með börnum af erlendum uppruna skili viðunandi árangri. Vísað er í dæmi og rannsóknir erlendis frá þessu til stuðnings og rætt um hvort sú stefnumörkun sem átt hefur sér stað í málefnum barna af erlendum uppruna í skólum á Íslandi hafi leitt til velgengni þeirra. Velgengni hér á bæði við góðan árangur og framfarir í námi og sterka félagslega stöðu. Spurt er hvort þörf sé fyrir nýja grundvallarhugsun í skólustarfi á Íslandi, í samfélagi þar sem einstaklingum af ólíkum menningar- og trúarlegum uppruna fer fjölgandi. Í greininni eru einnig nefnd dæmi úr yfirstandandi eigindlegri rannsókn höfundar (2002 – 2005) á stöðu og framförum nítján barna af erlendum uppruna sem hófu skólagöngu í fjórum leikskólum og tveim grunnskólum í Reykjavík árið 2002. Börnin eiga báða foreldra erlenda.

Í grein þessari er fjallað um hver þurfi að vera meginstefna í skólaþróun samkvæmt erlendum rannsóknum til að árangur náist í menntun og almennri velgengni barna af erlendum uppruna. Þessar hugmyndir eru bornar saman við þróun skólustarfs í leik- og grunnskólum í Reykjavík er birtist í opinberri stefnumörkun í skólamállum. Grundvallarspurningin er hvort skólar hafa náð að skapa fjölmennningarlegt skólustarf á grunni þeirrar stefnumörkunar, starf sem skilar börnum af erlendum uppruna góðum árangri í námi og sterkri félagslegri stöðu. Byggist starf þeirra á fjölmennningarlegri og jafnréttissinnadri stefnu, eða eru þeir fyrst og fremst íslenskir skólar sem veita börnum af erlendum uppruna sérstaka aðstoð? Hefur sú aðstoð skilað tilætluðum árangri? Titill greinarinnar vísar til þess hvort stefnubreyting þurfi að eiga sér stað í skólustarfi á Íslandi almennt til að börn af erlendum uppruna nái velgengni og góðum árangri og hvort breyta þurfi grundvallarhugsun um hlutverk skóla í fjölmennningarlegu samfélagi. Umfjöllunin er einkum byggð á erlendum rannsóknum, en einnig er vísað í dæmi úr eigindlegri

rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi og samspili heimila og skóla (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Rannsóknin hófst haustið 2002 og mun standa yfir til vors 2005. Upplýsingar eru fengnar úr viðtölum við foreldra, börn, kennara og skólustjóra og unnar upp úr námskrám og skýrslum viðkomandi skóla.

Skólar sem fjölmennningarleg samfélög

Nýlegar rannsóknir hafa varpað ljósi á mikilvægi þess fyrir velgengni barna af erlendum uppruna og barna sem af einhverjum ástæðum eru í jaðarhópum í samfélaginu að skólamenning einkennist af jafnréttishugsun um leið og hún tekur mið af fjölbreytileikanum í barnahópnum (Nieto, 1999; Cotton o.fl., 2003; Klein, 1993; Gregory, 1997; Wrigley, 2000; Wrigley, 2003; Siraj-Blatchford, 1994; Gonzalez-Mena, 2001). Samkvæmt þessum rannsóknum þurfa ríkjandi hugmyndir kennara, nemenda og annars starfsfólks í skólanum að vera í þessum anda og skólustarfið að bera

Þess skýr merki ef leggja á áherslu á að öllum börnum líði vel og að þau njóti velgengni. Að mati ýmissa fræðimanna er ein af hindrunum fyrir velgengni nemenda af erlendum uppruna einmitt sú að skilgreining á árangri er of þröng. Wrigley (2000) fjallar m.a. um mikilvægi þess að námsmat sé skilgreint víðara en hefðbundið er. Hann bendir á að hæfileikinn að skilja, miðla og hugsa á tveimur eða fleiri tungumálum sé í sjálfu sér mikill árangur. Í augum margra kennara sem starfi í fjölmennningarlegum skólum sé þetta sjálfsagður hlutur, en sé þó ein tegund árangurs af þeim fjölmörgu sem hvergi sé skráð. Annars konar árangur að mati Wrigleys er fjölmennningarleg vitund eða næmi nemenda og öryggi, hæfni þeirra til að færa sig milli félagskerfa og gildakerfa, til að sýna hluttekningu og leggja sitt af mörkum. Wrigley fjallar einnig um nokkur einkenni skóla í Englandi og Skotlandi þar sem börn af erlendum uppruna og börn í jaðarhópum í samfélaginu hafa náð góðum árangri. Þau eru eftirfarandi:

- Sameiginleg heildarsýn skólasamfélagsins þarf að liggja til grundvallar skólaþróun
- Námskrá þarf að vera sveigjanleg og löguð að þörfum nemenda
- Vandað og sveigjanlegt nám og kennsla er það afl sem fyrst og fremst stuðlar að árangri nemenda af erlendum uppruna
- Hvatning og umbun skilar eingöngu árangri ef nemandinn trúir á gildi náms og ef menning skólans viðurkennir árangur allra
- Skólamenning og skólabragur þarf að snúast um meira en aga og atorku; skólamenning þarf snúast um skólann sem samfélag, innbyrðis tengsl í skólanum, tengsl skólans út á við og sameiginleg gildi.

Nieto (1999) fjallar um fjölmennningarlegt skólastarf á svipaðan hátt. Hún nefnir að fjölmennningarlegt skólastarf þurfi að snúast um djúpstæðar breytingar, hjá einstaklingum,

sameiginlegar breytingar og breytingar á skólum sem stofnunum. Fjölmennningarlegt sjónarhorn merki einnig styðjandi og hvetjandi samvinnu kennara og annars starfsfólks skóla, stefnumótun sem leggur áherslu á jafnrétti og réttlæti og skóla sem samfélög í samfélaginu. Slíkar breytingar þurfi því að ná út fyrir vegg skólans. Cotton o.fl. (2003) hafa bent á mikilvægi þess að skólar hafi sýn og að hún sé skráð ásamt markmiðum og leiðum að þeirri sýn. Í þessu samhengi skipti miklu máli hvernig sýn skólanna sé þróuð. Er hún skráð af skólastjóranum eða fengin að láni frá öðrum skóla í nágrenninu? Eða er hún mótuð af skólasamfélaginu í heild, með þátttöku allra? Annar athyglisverður þáttur í umfjöllun Cotton o.fl. er hvort eða hvernig sýn skóla endurspeglast í daglegu starfi þeirra. Í umfjöllun Cotton o.fl. er að finna dæmi um þrjá skóla sem vinna að svipaðri sýn á mjög ólíkan hátt; það er engin einföld sameiginleg vinnuáætlun í þessum skólum. Það sem einkennir alla skólana er þó mikil og markviss samvinna kennara, stjórnenda og nemenda, virk þátttaka nemenda í þróun skólastarfs, áhersla á gagnkvæma virðingu í samskiptum, sem þýðir t.d. að rasismi er ekki leyfður og unnið er markvisst gegn honum í námskránni. Önnur einkenni skólanna eru víðtæk og gagnkvæm tengsl skóla annars vegar og foreldra og nánasta samfélags hins vegar, fjölbreytt námsmat, fjölbreyttar leiðir til að sýna og fagna velgengni, sveigjanlegar og lifandi námskrár, sem þýðir t.d. að hugmyndir foreldra eða annarra í samfélaginu eru nýttar til að þróa námskrár. Sand (1997) fjallar um sjálfsmynd barna af erlendum uppruna og ræðir mikilvægi þess að kennarar leiti jafnvægis milli heimamenningar barnanna og meirihlutamenningar samfélagsins. Í þessu samhengi má nefna að mikilvægt er að ekki sé litið á heimamenningu og skólamenningu sem andstæður, heldur þætti sem spila saman sem áhrifavaldar í lífi barnanna (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Þá er einnig vert að hafa í huga að börn eru ekki eingöngu þiggjendur menningar, heldur móta eða skapa menningu

með þátttöku sinni og er þar e.t.v. um enn einn þáttinn að ræða þar sem hæfni erlendu barnanna er ekki metin sem skyldi.

Ljóst er að sterk og góð tengsl skóla og heimila eru mikilvægur þáttur í þróun skólastarfs í fjölmenningsamfélagi. Í yfirstandandi rannsókn höfundar (Hanna Ragnarsdóttir, 2004) er sjónarhorn foreldra og kennara lagt til grundvallar þegar bæði líðan og velgengni barnanna er athuguð. Er þá einkum átt við hvernig börnunum vegnar í skólanum, hvort þau taka framförum í námi, en ekki tekið mark á einkunnum eingöngu. Haft er í huga hvernig væntingar foreldra geta haft áhrif á velgengni barnanna, svo og menningarbundin, trúarleg og einstaklingsbundin viðhorf foreldra. Einnig er litið til þess að fjölmargir þættir geta haft áhrif á viðhorf og mat kennaranna, t.d. skólastefna og skólamenning, auk samfélagslegra, trúarlegra og menningarlegra gilda. Ljóst er að ekki er hægt að flokka áhrif einstakra þátta á nákvæman hátt í rannsókn sem þessari, eingöngu benda á hvernig viðhorf og væntingar foreldra og barna geta endurspeglað uppruna og fjölskyldusögu. Þá er hugað að því hvort mótun stefnu í skólunum getur haft bein áhrif á velgengni barnanna, eða hvort velgengni þeirra markast fremur af öðrum þáttum, svo sem viðhorfum kennara og væntingum til barnanna, samstarfi heimila og skóla og því mati sem fram fer í skólunum.

Íslenskir skólar og erlend börn

Undanfarin ár hefur sú stefna verið ríkjandi í grunnskólum í Reykjavík varðandi móttöku nemenda af erlendum uppruna, að börn á aldrinum níu til fimmtán ára hefja nám í móttökudeildum. Móttökudeildirnar í Reykjavík eru ætlaðar börnum sem hafa ekki nægilega kunnáttu í íslensku til að stunda nám í almennum bekk einvörðungu. Gert er ráð fyrir að börn séu að hámarki eitt ár í slíkum deildum, eftir það fari þau í sinn heimaskóla. Móttökudeildirnar í Reykjavík eru staðsettar í þremur skólum en þjóna nemendum úr allri borginni. Í dag eru móttökudeildir á Íslandi alls átta (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur,

2004). Í móttökudeildum er almennt lögð megináhersla á að undirbúa börnin undir nám og íslenskukennsla vegur þar þyngst. Ásamt því að vera í móttökudeild er algengt að börnin taki þátt í sérgreinum, svo sem listum og íþróttum með umsjónarbekk sínum fyrsta árið. Að loknu fyrsta árinu sækja þau börn sem áfram eru í skólanum yfirleitt í auknum mæli kennslustundir í umsjónarbekk en fá aðstoð eftir þörfum í móttökudeild. Önnur börn fara í almenna bekki í sínum heimaskólum. Yngri börnin í grunnskólum hefja nám í sínum heimaskólum, taka þátt í starfi í umsjónarbekkjunum og fá stuðning eftir þörfum í íslensku. Starfið í móttökudeildunum þremur í Reykjavík er þó þróað á nokkuð ólíkan hátt og Austurbæjarskóli er móðurskóli í fjölmenningsarlegri kennslu (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2004; Austurbæjarskóli: Um skólann, 2004; Skólahandbók Breiðholtsskóla, 2004; Háteigsskóli: Móttökudeild fyrir nýbúa, 2004). Í leikskólum hefur móttaka barna af erlendum uppruna verið á svipaðan hátt og annarra barna og íslenskukennsla þeirra farið fram á ýmsan hátt, í sérstökum málörvunarstundum með öðrum börnum í leikskólunum, þau hafa fengið sérstaka íslenskukennslu án íslenskra barna eða þeim hefur verið ætlað að læra íslensku í leik með öðrum börnum (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Móttökudeildir og sérkennsla barna af erlendum uppruna eru leiðir ætlaðar til þess að börnin nái sem fyrst tókum á íslensku og geti orðið virkir þátttakendur í skólastarfinu og samfélaginu. Misjafnt er hvernig börnunum hefur vegnað í þessu kerfi (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Sum spjara sig vel, önnur verr. Sameiginleg þeim leiðum sem hér hefur verið lýst er áhersla á að mennta erlendu börnin svo að þau verði virkir þátttakendur í íslenskum skólum og samfélagi og litið á þau sem sérstakan hóp sem þurfi aðstoð. Spyrja má um réttmæti þess að aðgreina börn af erlendum uppruna á þennan hátt frá íslenskum börnum frá upphafi skólagöngu, skapa þannig tvo hópa frá fyrsta degi og stöðu sem unnið getur gegn erlendu börnunum til lengri tíma litið með því að marka

þeim tiltekinn stað í skólakerfinu. Á móti og til stuðnings þeim leiðum sem farnar hafa verið má segja að börn af erlendum uppruna þurfa oft mikla aðstoð fyrstu ár skólagöngu sinnar, en innan þess hóps er þó mikil breidd og e.t.v. varasamt að líta á fjölbreyttan hóp barna af erlendum uppruna sem eina heild og miða úrræði við hópinn í heild. Er e.t.v. vænlegra að breyta grundvallarhugsun í skólastarfi á Íslandi og fara í auknum mæli að starfa markvissar í anda jafnréttis og fjölbreytileika, eins og að ofan hefur verið rætt? Skiptar skoðanir eru um þennan þátt og samkvæmt rannsóknum erlendis eru algengar þær hugmyndir kennara að þeir komi eins fram við alla og því séu þeir í raun að starfa í þessum anda (Siraj-Blatchford, 1994). En þar sem einstaklingar af ólíkum uppruna, með ólíka menningar- og trúarlega afstöðu og ólíka fjölskyldureynslu mætast, nægir ekki alltaf sú hugsun að telja sig koma eins fram við alla. Slíkt getur auðveldlega haft í för með sér misskilning og e.t.v. rangtúlkningar í samskiptum, eins og komið hefur fram í yfirstandandi rannsókn höfundar (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Mikilvægt er fyrir starfsfólk skóla að temja sér víðsýni og vera reiðubúið að sýna sveigjanleika í samskiptum við ólíka einstaklinga. Hins vegar hefur gjarnan verið spurt hvar eigi að setja mörkin í samskiptum fólks af ólíkum uppruna. Hve langt á starfsfólk skóla að ganga í því að laga starfið að ólíkum þörfum fjölskyldna? Að hve miklu leyti er hægt að ætlast til að foreldrar lagi sig að þörfum og kröfum skólanna? Í rannsókn höfundar hefur komið fram að foreldrar af erlendum uppruna eru reiðubúnir til að laga sig að miklu leyti að kröfum skólanna (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Enn má spyrja hvort sú leið sé æskileg, þar sem aðlögun fjölskyldnanna að samfélaginu og skólum verður nánast einhliða. Í því felst m.a. að hlutverk innan fjölskyldu breytast, trúariðkun breytist eða fellur jafnvel niður, fjölskyldur laga sig að nýjum uppeldisaðferðum. Er hætt við að grafið sé undan sameiginlegum gildum fjölskyldna með þessu móti? Að mati ýmissa fræðimenna er heldur ekki æskilegt að fólk

lifi í tveimur ólíkum heimum sem eiga lítið sameiginlegt (Gullestad, 2002). Reynsla af skólastarfi erlendis bendir til þess að til lengri tíma lítið sé æskilegra að sýna sveigjanleika í samstarfi, koma til móts við fjölskyldur að vissu marki um leið og gert er ráð fyrir að þær lagi sig að skólastarfi; með öðrum orðum að gagnkvæm aðlögun skóla og fjölskyldna eigi sér stað (Millam, 2002; Cotton o.fl., 2003; Siraj-Blatchford, 1994; Edwards, 1998).

Í niðurstöðum yfirstandandi rannsóknar höfundar (Hanna Ragnarsdóttir, 2004) má benda á tiltekna þætti sem einkenna skólastarf í leik- og grunnskólum þar sem erlendu börnunum vegnar vel. Þessir þættir eru m.a. markviss stefna í málefnum barna af erlendum uppruna, góð og traust þekking starfsfólks á ýmsum þáttum fjölmenningsfélags, frumkvæði, víðsýni og sveigjanleiki í skólastarfinu. Í þeim skólum þar sem börnunum hefur ekki vegnað eins vel má m.a. sjá skort á samstöðu og samvinnu kennara, skort á tengslamyndun í barnahópnum, skort á trausti milli heimilis og skóla og að samspil heimila og skóla er óhagstætt barninu, m.a. vegna þekkingarleysis í skólanum. Á sama hátt má nefna að viðhorf foreldra og væntingar til skólastarfsins eru ólíkar, að því er virðist m.a. af menningarlegum ástæðum og virðist það að einhverju leyti fara saman við velgengni barnanna eða skort á velgengni. Jákvæð afstaða foreldra gagnvart skólum barna sinna, sveigjanleiki og jákvæðni kemur fram hjá öllum foreldrum í rannsókninni, en fram koma einnig áhyggjur af einangrun barnanna og þeirri staðreynd að flest þeirra eiga fáa féлага og helst féлага af erlendum uppruna.

Stefnumörkun í aðalnámskrám og hjá Reykjavíkurborg

Í aðalnámskrá leikskóla 1999 segir m.a. um markmið leikskólastarfs, að foreldrar beri frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið sé viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Enn fremur að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu

og líkamlegu atgervi, menningu eða trú. Þá er m.a. fjallað um að leikskólastjóra beri skylda til, samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla, að stuðla að samstarfi heimila og leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 1999). Fjölmenningarstefna Leikskóla Reykjavíkur er frá mars 2001. Þar kemur m.a. fram að í leiðarljósi Leikskóla Reykjavíkur sé gert ráð fyrir að hverju barni sé mætt á eigin forsendum, að byggt sé upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og að í leikskólanum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk. Í fjölmenningarstefnunni kemur einnig fram að Leikskólar Reykjavíkur framfylgi stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningarlegt samfélag (Leikskólar Reykjavíkur, 2001). Í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 1999 segir að skólafélagin eigi að styrkja og móta heilsteipt starf í einstökum skólum og skólakerfinu í heild. Þar kemur m.a. fram að leitað sé úrræða til að bregðast við þörfum hvers nemanda (Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 1999). Í hluta um jafnrétti til náms kemur fram að það sé eitt grundvallarviðmið í skólafélaginu og sé fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreya sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þar kemur einnig fram að í þessu felist ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefnið skuli höfð jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti (Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 1999). Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur markað stefnu í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur. Þessi stefna byggist á sameiginlegu leiðarljósi borgarstofnana, þ.e. að reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi þar sem þekking, vísýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2000). Af ofangreindu er ljóst að nokkuð ítarleg stefnumörkun hefur átt sér stað í Reykjavík varðandi börn af erlendum uppruna og er hún í anda fjölbreytileika og

jafnréttis. Í aðalnámskrám eru enn fremur lögð drög að slíkri stefnu, þó að þeim sé e.t.v. ekki fylgt nægilega eftir í þróun námsgreina. Enn fremur skortir umræðu um og að því er virðist nokkurn skilning í skólakerfinu á þeim árangri sem börn af erlendum uppruna sýna með því að taka þátt í íslensku skólakerfi og hvernig meta skuli þann árangur (Wrigley, 2000). Óvíst er hvort sú stefna sem mörkuð hefur verið nægi til að tryggja velgengni barna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og spyrja má hvort ekki þurfi að huga betur að ýmsum þáttum skólafélags, svo sem skólamenningu, stjórnun, samvinnu, tengslum við foreldra og nánasta samfélag og efla grundvallarsýn jafnréttis og fjölbreytileika í skólafélaginu almennt. Grunnur að slíkri sýn er lagður í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Jafnrétti og fjölbreytileiki: Réttindi barna

Í umfjöllun um fjölmenningarlega skóla byggðri á nýlegum rannsóknum er algengt að hugtökin jafnrétti og fjölbreytileiki séu nefnd sem nauðsynleg grundvallaratriði í skólafélaginu í fjölmenningsarsamfélagi og algeng rök eru að annað geti ekki verið án hins (Wrigley, 2003; Cotton o.fl., 2003; Siraj-Blatchford, 1994; Nieto, 1999). Í reynd þýðir þessi sýn að komið skuli til móts við alla einstaklinga, annars sé ekki um að ræða jafnrétti í reynd. Jafnrétti merki ekki að koma eins fram við alla, því með því sé verið að líta fram hjá sérkennum einstaklinga. Með hugtökunum jafnrétti og fjölbreytileiki er því verið að benda á mikilvægi þess að skólafélag sé lagað að þörfum allra. Svipaðar áherslur má sjá í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992 nr. 18 2. nóvember), svonefndum Barnasáttmála, sem Ísland hefur samþykkt og fjallar ítarlega um réttindi barna. Þar kemur m.a. fram í 28. grein að aðildarríki viðurkenni rétt barns til menntunar, allir skuli njóta sömu tækifæra, sem felist m.a. í því að koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis og stuðla að þróun ýmiss konar framhaldsmenntunar, þar á meðal

almennrar menntunar og starfsmenntunar, veita öllum börnum kost á að njóta hennar, og gera aðrar ráðstafanir sem við eiga, svo sem með því að veita ókeypis menntun og bjóða fjárhagslega aðstoð þeim sem hennar þurfa með. Enn fremur er nefnt að veita skuli öllum kost á æðri menntun eftir hæfileikum, með hverjum þeim ráðum sem við eiga, sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum og gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Í 29. grein sáttmálans er áhersla lögð á sérstaka hæfileika hvers barns. Þar segir að aðildarríki séu sammála um að menntun barns skuli beinast að því að rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess; móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallarsjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða; móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs; undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum. Enn fremur segir í 30. grein að í ríkjum þar sem minnihlutahópar hafa myndast vegna sérstakra þjóðháttá, trúarbragða eða tungumála, eða þar sem frumbyggjar eru, skuli barni sem heyrir til slíks hóps ekki meinað að njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú, og nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum. Í Barnasáttmálanum er því í raun að finna þær grundvallarundirstöður fyrir skólastarf sem rannsóknir erlendis hafa sýnt að hafa gefið góða raun þegar börn af erlendum uppruna eru annars vegar, þ.e. jafnrétti og fjölbreytileika. Því má álykta að tímabært sé að huga betur að þessum þáttum í skólastarfi á Íslandi.

Niðurlag

Hér hafa verið raktir nokkrir grundvallarþættir í stefnu er fram kemur í aðalnámskrám grunnskóla og leikskóla á Íslandi og stefnumörkun Reykjavíkurborgar ásamt grundvallarþáttum í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Samkvæmt nýlegum erlendum rannsóknum er ljóst að markviss stefnumörkun í skólum er mikilvæg fyrir velgengni barna af erlendum uppruna. Hins vegar nægir hún ekki, ef ekki er fyrir hendi samstaða starfsfólks um hugmyndafræði, markmið og leiðir. Spyrja má hvort þær leiðir í móttöku og kennslu barna af erlendum uppruna sem farnar hafa verið í leik- og grunnskólum á Íslandi hafi skilað þeim árangri sem ætlast var til. Samkvæmt nýlegum rannsóknum þarf hugmyndafræði er byggir á jafnrétti og fjölbreytileika sem tveimur grundvallarþáttum að vera sýnileg í skólamenningu, námi og kennslu, námskrá, foreldrasamstarfi og tengslum við samfélag, svo og í stjórnun, ef raunverulegur árangur á að nást í fjölmenningarlegu skólastarfi (Cotton o.fl., 2003; Wrigley, 2000; Wrigley, 2003; Nieto, 1999). Þá er mikilvægt að traust og góð samvinna sé fyrir hendi, t.d. milli fyrstu kennara barnanna og umsjónar- og bekkjarkennara í grunnskólunum, svo og samvinna leikskólastjóra, deildarstjóra og annars starfsfólks í leikskólunum. Frumkvæði einstakra kennara getur einnig verið mjög hvetjandi og haft góð áhrif á þróun skólamenningar sem er hliðholl margbreytileikanum (Wrigley, 2000; Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Þá er fjallað um í nokkrum rannsóknum að afar mikilvægt sé að lítið sé á tvítyngi og fjöltyngi sem kost eða mikilvægan eiginleika (Wrigley, 2003; Conteh, 2003). Í ýmsum rannsóknum kemur fram að grundvallaratriði í skólastarfi sé að unnið sé markvisst gegn ójöfnuði og að hugmyndafræði og kennsluáðferðir séu í anda fjölmenningarlegrar kennslu, þar sem er m.a. hugað að stöðu allra barna og lítið á þau sem auðlind (Edwards, 1998; Germundsson, 2000; Hanna Ragnarsdóttir, 2002; Hanna Ragnarsdóttir, 2004; Kampmann, 2003). Nauðsynlegt er að viðhorf alls starfsfólks

skólanna séu erlendu börnunum og fjölskyldum þeirra hliðholl og tengsl við heimili einkennist af gagnkvæmu trausti. Í því samhengi er þó mikilvægt að líta ekki á heimameningu barna af erlendum uppruna og skólameningu sem andstæður, heldur gera sér far um að kynnst hverri einstakri fjölskyldu, reynslu hennar og væntingum (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Jákvæð viðhorf stjórnenda, víðtæk þekking þeirra á málefnum einstakra fjölskyldna og aðgengi foreldra að þeim eru einnig mikilvægir þættir samkvæmt erlendum rannsóknum (Ryan, 2003). Þá hefur gefist mjög vel að virkja foreldra af erlendum uppruna til samstarfs við skóla og hafa ýmsar leiðir verið þróaðar í því skyni (Falk o.fl., 2003; Kypriotakis, 2000). Í því samhengi þarf að hafa í huga stöðu fólks af erlendum uppruna í nýju samfélagi sem minnihlutahópa, sem í flestum tilvikum eru lægra settir í upphafi en meirihlutahópur, ekki síst vegna skorts á þekkingu í meirihlutamáli og samskiptamáli samfélagsins. Mikilvægt er að vinna markvisst gegn slíkri aðgreiningu í skólum, svo að ólík valdastaða meiri- og minnihlutahópa nái ekki að festast í sessi í samfélaginu (Eriksen og Sørheim, 1999; Gullestad, 2002). Þá er einnig mikilvægt að huga að námsmati, þar sem hæfni barna sem daglega fara milli félags- og gildakerfa, milli heimameningar og skólameningar, sem í sumum tilvikum er mjög ólík, er metin að verðleikum. Líklegt má telja að með aukinni viðurkenningu á hæfni barnanna og áherslubreytingum í skólastarfi, þar sem í auknum mæli er hvatt til virkari samvinnu kennara, barna og foreldra, heimameningar og skólameningar, megi auka velgengni barna af erlendum uppruna, bæta stöðu þeirra og auka virka þátttöku þeirra í samfélaginu. Lykilorð í slíkri þróun hljóta að vera jafnrétti og fjölbreytileiki.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti* 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla* 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Austurbæjarskóli: Um skólann*. Sótt 25. okt. 2004 á vef Austurbæjarskóla: <http://austurbajarskoli.ismennt.is/namsskra/umskolann.pdf>
- Conteh, J. (2003). *Succeeding in diversity. Culture, language and learning in primary classrooms*. Stoke on Trent, UK and Sterling, USA: Trentham Books.
- Cotton, T., Mann, J., Hassan, A. og Nickolay, S. (2003). *Improving primary schools, improving communities*. Stoke on Trent, UK and Sterling, USA: Trentham Books.
- Edwards, V. (1998). *The power of Babel. Teaching and learning in multilingual classrooms*. Stoke on Trent and Reading: Trentham Books in association with the Reading and Language Information Centre, University of Reading.
- Eriksen, T. H. og Sørheim, T. A. (1999). *Kulturforskjeller i praksis. Perspektiver på det flerkulturelle Norge* (2. útgáfa). Oslo: Ad Notam Gyldendal.
- Falk, M., Glerup, L., Inceer, N. og Jensen, K. (2003). *Gi' mig bolden, for fa'en. Refleksioner fra en multikulturel skole*. Vejle: Kroghs Forlag A/S.
- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2000). *Stefna í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur*. Sótt 25. okt. 2004 á vef Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur: [http://www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/Files/Stefna_born_annad_modurmal/\\$file/Stefna_Born_Annad_modurmal.pdf](http://www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/Files/Stefna_born_annad_modurmal/$file/Stefna_Born_Annad_modurmal.pdf)

- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2004). *Móttökudeildir*. Sótt 25. okt. 2004 á vef Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur: http://www.grunnskolar.is/fraeslumidstodin.nsf/pages/kennsla_nyb_mottokurd.html
- Germundsson, O.E. (2000). *Du er verdifull! Flerkulturell pedagogikk i praksis*. Oslo: Tano Aschehoug.
- Gonzalez-Mena, J. (2001). *Multicultural issues in child care* (3. útgáfa). Mountain View: Mayfield Publishing Company.
- Gregory, E. (Ritstj.), (1997). *One child, many worlds. Early learning in multicultural communities*. New York: Teachers College Press.
- Gullestad, M. (2002). *Det norske sett med nye øyne. Kritisk analyse av norsk innvandringsdebatt*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Hanna Ragnarsdóttir (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11, 51-80.
- Hanna Ragnarsdóttir (2004). Vilji og væntingar: Rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 13, 91-110.
- Háteigsskóli (2004): *Móttökudeild fyrir nýbúa*. Sótt á vef Háteigsskóla 25. okt. 2004: <http://www.skolatorg.is/kerfi/hateigsskoli/skoli/default.asp>
- Kampmann, J. (2003). Multikulturalisme, anti-racisme, kritisk multikulturalisme. Overvejelser om en debats fravær. Í Horst, C. (Ritstj.), *Interkulturel pædagogik* (bls. 111-126). Vejle: Kroghs forlag.
- Klein, G. (1993). *Education towards race equality*. London and New York: Cassell.
- Kypriotakis, J. (2000). "Mum, Let's Learn Together!" - some examples of parental participation using the mother tongue. Í Shaw, S. (Ritstj.), *Intercultural education in European classrooms* (bls. 75-83). Stoke on Trent, UK and Sterling, USA: Trentham Books.
- Leikskólar Reykjavíkur (2001). *Fjölmenningarstefna Leikskóla Reykjavíkur*. Sótt 25. okt. 2004 á vef Leikskóla Reykjavíkur: <http://www.leikskolar.is/upload/files/Fjolmenningarstefna%20Leikskola%20Reykjavikur2.pdf> <<http://www.leikskolar.is/upload/files/Fjolmenningarstefna%20Leikskola%20Reykjavikur2.pdf>>
- Millam, R. (2002). *Anti-discriminatory practice. A guide for workers in childcare and education* (2. útgáfa). London: Continuum Books.
- Nieto, S. (1999). *The light in their eyes. Creating multicultural learning communities*. New York: Teachers College Press.
- Ryan, J. (2003). Leading diverse schools: Headteachers and inclusion. *Improving schools*, 6-2, 43-62.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr.18/1992.
- Sand, T. (1997). Å leve med to kulturer. Í Sand, T. (Ritstj.), *Flerkulturell virkelighet i skole og samfunn* (bls. 20-44). Oslo: Cappelen Akademisk Forlag.
- Siraj-Blatchford, I. (1994). *The early years. Laying the foundations for racial equality*. Stoke on Trent, UK og Sterling, USA: Trentham Books.
- Skólahandbók Breiðholtsskóla 2003 – 2004*. Sótt 25. okt. 2004 á vef Breiðholtsskóla: <http://breidholtsskoli.is>

Wrigley, T. (2000). *The power to learn. Stories of success in the education of Asian and other bilingual pupils*. Stoke on Trent, UK og Sterling, USA: Trentham Books.

Wrigley, T. (2003). *Schools of hope. A new agenda for school improvement*. Stoke on Trent, UK og Sterling, USA: Trentham Books.